

OPIÐ BRÉF TIL BÆJARSTJÓRANS Í KÓPAVOGI.

Sæll Ármann.

Bergljót heiti ég..kölluð Begga...Deildarstjóri og leikskólakennari í Leikskólanum Marbakka..þú manst kannski eitthvað eftir mér?

Ég hef starfað í þessum dásamlega skóla í ansi mörg ár..eða frá upphafi hans..1986..með smá hléi.

Ég var svo heppin að koma inn í Marbakka sem ung og ómótuð stelpa sem var að leita að sinni fjöl og fann ..í starfi með börnunum.

Eftir að hafa starfað sem ófaglærð í tvö ár fór ég í skólann og menntaði mig..en kom seinni partinn til að skila..í þá daga var opið til 18:30. Í skólanum voru börn á aldrinum 2-6 ára og voru flest í 4.tíma..mörg í 6. tíma og nokkur í 7-8 tíma. Dagarnir byrjuðu rólega og dóu hægt og rólega út.

Starfið var og er skemmtilegt..við innleiddum Hugmyndafræði Loris Malaguzzi kennda við Reggio Emilia á Ítalíu og komum skólanum okkar á kortið sem fyrsta Reggio skóla þessa lands og vorum afar stolt af. Í dag erum við ennþá mjög stolt af skólanum okkar en breytingar síðustu tíu ár hafa verið ótrúlega miklar og örar og nú er svo komið að maður spyr sig: Get ég þetta? Get ég starfað áfram við þetta frábæra fag mitt með alla mína fullkommunaráráttu og allan minn metnað sem ég hef alltaf lagt í starfið mitt? Get ég haldið svona áfram án þess að vera umbunað..án þess að fá eitthvað til baka annað en sjálfstæð..glöð og skapandi börn og ánægða foreldra? Get ég haldið áfram að hlaupa? Líkaminn minn segir nei. Hugurinn minn segir Já..auðvitað reynirðu!

En hverjar verða afleiðingarnar? Útbrunninn starfsmaður löngu fyrir aldur fram? Bólginn og úr sér genginn líkami? Krónískir sjúkdómar sem enda í örorku? Staðreynd mjög margra leikskólakennara..því miður.

Breytingarnar sem hafa haft mest áhrif eru fjölgun barna á deildum.. fjölgun erlendra og tvítyngdra barna..stóraukin sérkennsla..auknar kröfur í faglega starfinu og kröfur um símenntun..heimasíðuvinnu..þjálfun nýs starfsfólks..foreldrasamstarf og fleira og fleira. Fyrir utan alla ábyrgðina sem er á okkar herðum.

Ég hugsa stundum til ykkar..toppanna þarna uppi í Fannborg..vitið þið eitthvað hvað um er að vera í leikskólum bæjarins? Vitið þið til dæmis að í Marbakka starfa 33 starfsmenn..þar af eru tólf flottir leikskólakennarar..en meðalaldur þeirra eru hvorki fleiri né færri en 57,5 ár? Meðalaldur leiðbeinanda og ófaglærða er hins vegar frekar lár..ég get ekki reiknað hann út þar sem það eru mannabreytingar í gangi akkúrat núna..en sú yngsta er 18 ára og sú elsta 62 ára?

Vitið þið að á haustin aðlögum við að meðaltali 40-50 börn inn í skólann..færum 45-50 börn milli deilda og aðlögum..og á sama tíma erum við að þjálfa glænýtt starfsfólk sem

oftar en ekki er að stíga sín fyrstu skref í leikskólavinnu? Og oftar en ekki er að ráða sig í stuttan tíma..hvíla sig á námi í eitt ár og fer svo aftur í skóla?

Vitið þið að starf í leikskóla er mjög krefjandi og erfitt þó það sé líka afskaplega gefandi og skemmtilegt? Vitið þið að það eru ekki allir sem geta unnið þetta starf?

Vitið þið að við erum undirmönnum nær daglega..að það eru að meðaltali 4,5 starfsmenn veikir á dag? Það er engin afleysing..það er bara hlaupið hraðar. Börnin eru auðvitað alltaf í fyrsta sæti og því er réttindum eins og sammingsbundnum kaffitímum og undirbúningstímum ýtt til hliðar?

Vitið þið að vinnutíminn okkar raskast oft og iðulega þar sem við erum að taka á okkur vinnu þeirra sem ekki eru til staðar á hverjum tíma?

Vitið þið að við erum stundum 2. að gefa 17. 2.ára börnum morgunmat..á deild þar sem reiknað er með fimm börnum á starfsmann?

Við hlaupum og hlaupum..hraðar og hraðar..reynum að sinna þessu öllu af öllu hjarta..með bestu mögulegu samvisku og vonum að allir komi glaðir og ánægðir heim. Og óslasaðir.

Vitið þið að við gerum allt til að forðast að þurfa ekki að biðja foreldra að koma fyrr að sækja..eða hafa þau börn heima sem eiga atvinnulausa foreldra..foreldra í fæðingarorlofi eða foreldra í veikindaleyfum?

Ég er þínu hrædd um að þið vitið ekki allt þetta..og Marbakkinn minn góði er ekki eini skólinn í bæjarfélaginu í þessari stöðu. Við deildarstjórar hittumst stundum og berum saman bækur okkar og erum öll að glíma við sama vandann..manneklu..langan vistunartíma og of mörg börn á deildum. Við erum með kvíðahnúta í maganum og hræðslan við að eitthvað komi uppá sem við ráðum ekki við er mjög óþægileg. Manstu..það hefur kviknað tvisvar í hjá okkur..í seinna skiptið rýmdum við skólann og vorum með börnin úti í nærri þrjá tíma meðan verið var að reykræsta..finna út orsök brunans og ákveða hvort loka ætti skólanum eða ekki. Og ef þú manst það ekki..þá var ákveðið að gera það ekki..en halda okkar striki innan um aragrúa af alls konar fólki sem var að finna út orsakir.. öryggismál..tæknimál.. rafmagnsmál og guð má vita hvað ekki var í gangi auk þess sem slökkviliðsmenn voru á staðnum til öryggis. En við gáfum börnunum að borða og fórum með þau í hvíld.

Áfallið kom svo um kvöldið..og ég get ekki varist þeirri hugsun hvaða staða kæmi upp ef við til dæmis þyrftum að rýma skólann þá daga sem kannski vantar níu starfsmenn í húsið???

Eins og ég sagði fyrr í þessu bréfi þá erum við tólf leikskólakennarar í „Krúttkofanum“. Kjarni sem inniheldur reynslubolta í faginu..öflugar konur sem vaða eld og brennistein til að halda starfinu faglegu. Þrátt fyrir erfiða stöðu.. undirmönnun..enga kaffitíma suma daga..enga undirbúningstíma (gerist oft) og lengri vinnudag fáum við ekkert aukalega fyrir að bjarga málunum með þessum hætti. Yfirvinna er óvinsæl þegar hart

er í ári og ég get fullyrt það að þó við skrifum stundum aukatímana á okkur þá er það oft sem við sleppum því..korter og háltímar sem við látum liggja milli hluta. Grunnskólakennarar fá greitt aukaálag ef þeir þurfa að sinna einhverju aukalega.ef þeir þurfa að leysa aðra kennara af..vera úti í frímínútum og fleira þess háttar.

Við bara hlaupum og hlaupum. Án þess að fá nokkra umbun fyrir það annað en að hafa ánægða foreldra..sem gera sér líklega ekki grein fyrir aðstæðunum sem oft skapast í leikskólanum.

Meðalaldurinn er 57,5 ár..taktu eftir því..við fengum 25 ára leikskólakennara í lið með okkur í haust sem hífir upp meðaltalið..þvílíkur lottóvinningur..en..við yngjumst ekki og það er kvíðvænlegt til þess að hugsa að kannski taki enginn við þegar við förum að detta út vegna aldurs. Ég held það sama eigi við flesta leikskóla bæjarins.

Hafið þið hugsað þetta líka?

Endalaust álagið og auknar kröfur hjálpa heldur ekki til þegar kemur að líkamsstyrk og heilsufari..við erum allar að streða við svæsnar vöðvabólgu..höfuðverki..bakverki..ónýt hné..vefjagigt og fleira sem dregur úr líkum á að við náum að vinna mörg ár í viðbót.

Á yngri deildunum lyftum við 15-20 börnum upp í stóla mörgum sinnum á dag..upp á skiptiborð og tókum í fangið þegar þau þurfa fang.. aðstoð við að klæða sig..eða bara knús.

Á eldri deildum er líkamlegt álag öðruvísi..en sannarlega reynir á að beygja sig og lyfta hlutum hægri vinstri.

Og þá á eftir að nefna hávaðann. Ef við yrðum heyrnamæld held ég að niðurstaðan yrði sú að við værum öll komin með einhvers konar heyrnaskaða..án gríns..og ég hugsa á hverjum degi um litlu krílin okkar sem þurfa að vera í þessum stanslausu hávaða og áreiti allan daginn. Hávaðinn hefur ekkert með húsið eða innanstokksmuni að gera.. hljóðmælingar í Marbakka hafa komið vel út og einangrunin er í góðu lagi. Það eru börnin sem skapa þennan hávaða..með skærum röddum sínum..og þörf fyrir að láta heyra í sér..það eru of mörg börn á hverri deild. Staðreynd sem ég held að þið verðið að fara að átta ykkur á að verður að skoða nánar. Fyrir alla aðila.

Börnin eru of mörg og dvalartímarnir eru allt of langir..álagið er mikið og fer stigvaxandi..og vandamálin mörg og stór. Dagarnir byrja með hvelli og enda með hvelli. Við reynum að búa til eins mikið af gæðastundum og okkur er mögulegt..en vildum örugglega sjá þær fleiri. Og getað sinnt hlutunum betur. Staðið undir öllum væntingunum og kröfunum sem gerðar eru til okkar..eða minnkað þær....??

Mér hefur dottið í hug hvort við ættum kannski að fara að hafa faglega starfið þannig að leikskólakennararnir sjái alfarið um það og láti ófaglærða fólkið um „gæsluna“ ?? Fagfólkið hefði ákveðna viðveru á deildinni og færi svo að sinna undirbúningsvinnu eftir það. En myndi það lagfæra veikindatíðnina..eða fjarverurnar???

Það hefur líka hvarflað að mér hvort Kópavogsbær gæti ekki „verðlaunað“ traust og gott stafsfolk með einhverjum hætti..aukakrónum ..gjaldfríum ferðum í sund..auka álagsgreiðslum..afsláttarkortum og einhverju sem gæti umbunað þeim sem standa alltaf vaktina..hvað finnst þér???

Með þessu bréfi er ég ekki að kvarta og það er ekki skrifað í neikvæðni.. heldur vil ég vekja athygli á hvað við erum að kljást við flesta daga.. leikskólakennararnir í okkar ástsæla bæjarfélagi.

Þessar öru og erfiðu breytingar valda mér og okkur öllum áhyggjum. Við viljum uppfylla kröfurnar sem til okkar eru gerðar og sinna faglega starfinu af einlægni og kunnáttu..en við getum ekki gert það sem við viljum gera meðan við erum að slökkva elda endalaust. Starfsmannaveltan er botnlaus..launin hjálpa sannarlega ekki til og það er ekki slegist um störfin hjá okkur..en það er fyrst og síðast álagið sem fylgir undirmönnun..of mörgum börnum..og stöðugum straumi nýs fólks sem stoppar stutt.

Við leikskólakennarar erum afar sveigjanlegir..forðumst stöðnun og erum opnir fyrir nýjungum.. jákvæðum breytingum og öllu sem auðgar starfið okkar..eykur gæði starfsins og skilar sér hundrað prósent til barnanna. En við erum bara fólk..og það eru takmörk fyrir öllu.

Hvað finnst þér?

Með kærri kveðju og þakklæti fyrir að hafa klárað að lesa bréfið frá mér.ég er ekki flink í að vera stuttur. En ég lofa að ég er góður leikskólakennari. Og stoltur.

Kópavogi 28 nóvember 2013.

**Bergljót Hreinsdóttir.
Deildarstjóri á Bóli
Marbakka.**